



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 27. janúar 2025
24101038/003.03 AF

Efni: Lögð eru fram lítillega uppfærð drög að nýrri gervigreindarstefnu

Þann 17. október 2024 fór fram í bæjarráði kynning á drögum að nýrri gervigreindarstefnu Kópavogsbæjar. Eftir umræðu vísaði bæjarráð málinu til bæjarstjóra þar sem bæjarfulltrúar vildu skoða hvort ástæða þætti til að senda ábendingar í tölvupósti til bæjarstjóra. Samkvæmt bæjarstjóra þá bárust engar ábendingar. Í samráði við bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslusviðs var tekin ákvörðun um að leggja drög að stefnunni aftur fyrir bæjarráð til afgreiðslu. Deildastjóri upplýsingatæknideildar breytti stefnunni lítillega að beiðni stefnustjóra með því að fella út eina setningu sem varðar framkvæmd stefnunnar til samræmingar. Einnig var felld út setning neðst um hvenær skjalið var lagt fyrir bæjarráð, en í texta mun koma dagsetning samþykktar stefnu í bæjarstjórn til samræmis við aðrar stefnur.

Virðingarfyllst,

Auður Finnbogadóttir
Stefnustjóri

